

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverk-  
uðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1983 til  
31. janúar 1984.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1983 til 31. janúar 1984:

<i>Óverkaður saltfiskur</i>	<i>U.S. \$ pr. lest fob.</i>
Stórfiskur nr. 1	2 500,00
Millifiskur nr. 1	2 300,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	2 000,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	1 850,00

Verðbil verður 2% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 31. október 1983.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuð-  
um ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1983 til  
31. janúar 1984.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1983 til 31. janúar 1984:

<i>Söltuð ufsaflök</i>	<i>D.M. pr. lest cif.</i>
16/20 FF	5 550,00
21/25 FF	5 350,00
26/30 FF	5 150,00
31/35 FF	4 900,00
36/40 FF	4 400,00
41/45 FF	4 200,00
46/50 FF	3 900,00

Verðbil verður 3,5% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 31. október 1983.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Kristín Magnússon.*